

Snjóflóðavarnir

Viðvörðunarkerfi



Súðavíkurhlíð, Flateyrarvegur, Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarmúli

Vegagerðin hefur sett upp viðvörðunarkerfi með SMS skeytum um snjóflóða- og hrunhættu til vegfarenda. Sendar eru upplýsingar um hættu á þjóðvegum 61 á Súðavíkurhlíð, 64 á Flateyrarvegi, 76 á Siglufjarðarvegi um Almennunga og 82 á Ólafsfjarðarmúla.

Viðvaranirnar eru m.a. byggðar á snjóflóðaspá sem Veðurstofan gerir fyrir Vegagerðina um þessa vegakafla. Um er að ræða eftirfarandi stig:

Síða 1/1

Vegna snjóflóðahættu:

- Varað er við snjóflóðahættur á næstu klukkutímum
- Lýst yfir óvissustigi, sem þýðir að snjóflóðahætta er viðvarandi og vegfarendur hvattir til að vera ekki á ferðinni að nauðsynjalausu
- Lýst yfir hættustigi, veginum lokað
- Hættustigi aflýst og vegurinn opinn

Vegna sigs vegar í Almennungum á Siglufjarðarvegi:

- Lýst yfir hættustigi 1, vegurinn opinn
- Lýst yfir hættustigi 2, veginum lokað
- Hættustigum aflýst, vegurinn opnaður

Vegagerðin

Hægt er að skrá sig til að fá SMS í símann með því að senda póst á umferd@vegagerdin.is eða með því að hringja í síma 1777.